

## Fyrirspurn

til samgönguráðherra um viðhald vegarins á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hver hefur verið árlegur kostnaður við viðhald vegarins á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur sl. fimm ár?
2. Hver var viðhaldskostnaðurinn
  - a. vegna ofanhruns,
  - b. vegna sjávarrofs og hruns úr vegi?
3. Hvernig skiptist fyrrgreindur kostnaður á
  - a. þann kafla sem fyrirhugað er að leggist af við gerð jarðganga samkvæmt núverandi hugmyndum,
  - b. aðra hluta vegarins sem verða áfram í núverandi vegstæði?